

Fundur stjórnar foreldrafélags grunnskóladeildar

17. febrúar 2025, kl 17 í Herðubreið.

Mætt eru Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sigurveig Gísladóttir, Kristinn Már Jóhannesson, Óli Már Eggertsson og Margrét Guðjónsdóttir. Hanna ritar fundargerð.

Fundardagskrá:

- 1. Síðasta fundargerð**
- 2. Félagsgjöld foreldrafélags gskd. Sfjsk.**
- 3. Afgangur v. söfnunar bláu kubbanna á vegum Kötlu og Elfu Hlínar Péturs og Sigrúnardætra: 150 þús. Erum við með einhverjar hugmyndir um nýtingu fjármagns í þágu nemenda Sfjsk?**
- 4. Gjaldskrá morgunhressingar á Seyðisfjarðarskóla**
- 5. Snjallsímar í Sfjsk.**
- 6. Verkefni á vorönn og stjórn skiptir með sér ábyrgð og umsjón.**
- 7. Önnur mál.**

Fundargerð:

1. Fundargerð samþykkt
2. Formaður upplýsir að seðlar séu farnir út skv. Elfu Hlín gjaldkera
3. Spyrjum krakkana. Allir geta komið með tillögur. Hanna mun kynna þetta á skólaráðsfundi.
4. Tekin ákvörðun um að senda athugasemd á fjölskylduráð. Felum Sigurveigu að semja og senda bréf.
5. Viljum gera könnun á meðal foreldra hver skoðunin er almennt. Samtal um kosti og galla símabanns.
6. Útikennslustofa/Náttúrulundur: Kristinn kynnir plan. Hann, Hanna og Elvar munu hittast fljótlega og gera áætlun. Eins og hugmyndin um plan er núna: Unnin verður grófvinna með starfsfólki/styrk Alcoa. Fínvinna verður unnin af foreldrum og nemendum á vorverkadegi. Fer fram í maí.
7. Samgöngumál í tengslum við íþróttir og tómstundir: Eina leiðin er að ýta við Múlaþingi til að fá eitthvað framgengt. Fræðsla f. nemendur/kennara/foreldra? Hugmynd að fá Elfu Rún Clausen og Bjarna Haralds; þau hafa verið með fyrirlestra í tengslum við geðrækt. Sigurveig mun tala við þau. Mögulega hafa kynningu í mars/apríl.

Fundi lauk kl. 18:07